



HRUNAMANNAHREPPUR

44. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

8. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 18. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemnum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fjárhagsleg málefni:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2023 – fyrri umræða.

- Ásamt sundurliðun ársreiknings.

Á fundinn mætir endurskoðandi frá KPMG.

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2023 ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Friðrik Einarsson og Katrín Alda Sveinsdóttir, endurskoðendur KPMG, mættu á fundinn undir þessum lið.

Endurskoðendur kynntu helstu kennitölur ársreikningsins og svöruðu fyrirspurnum. Jafnframt fóru þau yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2023.

Í máli endurskoðanda kom fram að rekstur A og B hluta sé jákvæður um 122,9 m.kr en A hluta um 108 m.kr. Skuldaviðmið A og B hluta skv. reglugerð er 67,6% en skuldahlutfall er 93,4%. Samkvæmt venju verður nánar gert grein fyrir helstu niðurstöðum við síðari umræðu.

Sveitarstjórn þakkar góða yfirferð og samstarf við KPMG við endurskoðunina. Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi 2023 til síðari umræðu sem fram mun fara á fyrri fundi sveitarstjórnar í maí.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

2. Veitu- og framkvæmdaneftnd: Fundargerð 4. fundar frá 8. apríl 2024.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Veitu- og framkvæmdaneftndar.

Liður 4 afgreiddur sérstaklega: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að fylgja málinu eftir.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

3. Ungmennaráð: Fundargerð 3. fundar frá 4. apríl 2024.

Lögð fram fundargerð 3. fundar Ungmennaráðs.

Sveitarstjórn þakkar fulltrúum í Ungmennaráði fyrir góðar ábendingar og vísar þeim til yfirmanns eignasjóðs til frekari vinnslu en margt sem þarna kemur fram er þegar í fjárhagsáætlun ársins. Fundargerðin lögð fram til kynningar

AES DGS

BV
KJ

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

4. Fundargerð 278. fundar skipulagsnefndar frá 10. apríl 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 278. fundar skipulagsnefndar frá 10. apríl sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 17. Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum; Neðri-Hveradalir reitur 10; Bílastæði og þjónustuhús; Endurskoðað deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga sem tekur til deiliskipulags fyrir Neðri-Hveradalir í Kerlingarfjöllum eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradalir. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Það felur í sér að við gildistöku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tekur gildi samhliða framlagðri deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillöggunni verður heimilt að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84. Umsagnir og athugasemdir bárust við tillöguna á auglýsingatíma hennar og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum gögnum og samantekt andsvara vegna umsagnar NÍ.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og í framlagðri samantekt andsvara frá málsaðila. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og í framlagðri samantekt andsvara frá málsaðila. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Mál nr. 18. Brúarhlöð: Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Brúarhlaða í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð, sunnan Skeiða- og Hrunamannavegar. Breytingin tekur til um 4 ha svæðis sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Við Brúarhlöð er bílastæði þar sem ferðamenn stoppa og skoða gljúfur Hvítár og frá því liggur stígur að gljúfrinu. Landeigandi vill byggja upp þjónustu á staðnum og leggja fleiri og betri gönguleiðir um svæðið. Samhliða aðalskipulagsbreytingu er unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Inn í greinargerð aðalskipulags verður bætt við Vþ7 með eftirfarandi skilmálum: Heimilt er að byggja allt að 500 m² þjónustuhús á einni hæð. Í húsinu getur verið veitingasala, snyrtningar, upplýsingar og ýmis konar þjónusta við ferðamenn. Einnig verður bílastæði stækkað og gerðir göngustigar að farvegi Hvítár. Forðast skal eins og kostur er allt rask á landi, gróðri og jarðmyndunum. Nánari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir tilhögun fráveitu. Stærð svæðis er allt að 4 ha.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust við auglýsingu tillögunnar með viðeigandi hætti innan samantektar vegna umsagna og viðbragða

DGS

ARG

DV

OSJ

2

við þeim og innan greinargerðar skipulagsins. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við þeim umsögnum og athugasemnum sem bárust við auglýsingu tillögunnar með viðeigandi hætti innan samantektar vegna umsagna og viðbragða við þeim og innan greinargerðar skipulagsins. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Mál nr. 19. Brúarhlöð: Uppbygging ferðamannaðstöðu; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lands Brúarhlaða L234128. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir uppbyggingu ferðamannaðstöðu. Skipulagið tekur til um 2,5 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð. Helstu markmið deiliskipulagsins eru að unnið sé heildarskipulag fyrir móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, göngustígs með áningarstöðum, útsýnispalla og þjónustuhúss þar sem verður m.a. veitinga- og snyrtiaðstaða. Settir eru fram byggingarskilmálar um uppbyggingu á svæðinu sem tekur tillit til sérstöðu svæðisins og náttúrufars. Með skipulaginu er dregið úr líkum á umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta. Svæðið verði betur varið gagnvart á lagi á gróðurþekju og náttúru- og menningarminjar. Með skilgreiningu umferðarleiða verði umferð gangandi fólks á öruggum og afmörkuðum göngustígum sem bjóða upp á gott aðgengi og fallegt útsýni yfir svæðið þar sem miðlað verður upplýsingum til gesta um sögu þess. Auk þess er gert ráð fyrir því að skipulagið stuðli að því að gestir geti notið kyrrðar og áhrifa svæðisins. Sérstök áhersla verður á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglyst á grundvelli 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan þegar auglýstrar breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Mælist nefndin til þess að ítarlegar verði gert grein fyrir skilgreindri reiðleið um svæðið í greinargerð deiliskipulagsins sem skilgreind er á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn óskar þess að ítarlegar verði gerð grein fyrir skilgreindri reiðleið um svæðið í greinargerð deiliskipulagsins en sú reiðleið er skilgreind á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn gerir ekki aðrar athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið með þeim fyrirvara að úr þessu verði bætt en að því loknu verði skipulagið auglyst á grundvelli 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan þegar auglýstrar breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

Mál nr. 20. Hvammur 2: Breyting byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Hvamm 2 á Flúðum. Í breytingunni felst breytt lega og breyttar byggingarheimildir innan byggingarreits C. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús með bílskúr innan reitsins og að heimilt verði að stofna lóð umhverfis reitinn.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

DGS

AKJ

BS

HJS

Mál nr. 21. Kópsvatn 2: Efnistaka úr námu E28; Framkvæmdarleyfi.

Lögð er fram beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E28 í landi Kópsvatns 2. Um er að ræða efnistöku allt að 50.000 m³ innan tímabils gildistöku aðalskipulags.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að fyrirhuguð efnistaka verði grenndarkynnt.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslur skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Mælist sveitarstjórn til þess að fyrirhuguð efnistaka verði grenndarkynnt.

Mál nr. 22. Birtingaholt 1: Mykjurón og girðing; Framkvæmdaleyfi.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi í landi Birtingaholts 1 L166725. Í framkvæmdinni felst uppgröftur fyrir 3.330 m³ mykjuróni. Grafið er ca. 220 cm niður í móann og hluti uppmokstrar nýttur sem mön, 80 cm há, kringum lónið, og svo verður girt ca. 100-120 cm há girðing, mann- og skepnuheld þar í kring. Öðrum uppmokstri er jafnað í slakka við hliðina og svo er sáð grasi í vor í allt jarðrask. Einnig er lögð fram teikning frá framleiðanda sem er notuð til hliðsjónar. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að framkvæmdin verði grenndarkynnt á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Mælist sveitarstjórn til þess að framkvæmdin verði grenndarkynnt á svæðinu.

Mál nr. 23. Gröf og Laxárhlið: Víðihlíð 1-15 og Reynihlíð 3; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Grafar og Laxárhliðar á reit M2 sem telst til landnotkunar miðsvæðis innan þéttbýlisins að Flúðum, eftir auglýsingu. Breytingin varðar lóðir Víðihlíðar 1-15 og Reynihlíðar 3. Í breytingunni felst sameining 7 lóða í 2 lóðir. Núverandi landnotkun lóðanna samkvæmt deiliskipulagi gera ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsum á tveimur hæðum með heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Fjölbýlishúsum á tveimur hæðum, einbýlishúsum á einni hæð og raðhúsi á einni hæð. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að eftir standi heimild fyrir uppbryggingu á verslunar- og þjónustuhúsum og 2-3 hæðum. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti í samantekt andsvara. Í þeim felst m.a. að nýtingarhlutfall Hvammsvegar 1 er lækkað úr 1,0 í 0,9. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti í samantekt andsvara. Í þeim felst m.a. að nýtingarhlutfall Hvammsvegar 1 er lækkað úr 1,0 í 0,9. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Mál nr. 24. Ás: ný íbúðarhúsalóð; Ás 2; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags er varðar skilgreiningu á lóð og byggingarreit ásamt byggingarheimildum fyrir 15.457 fm íbúðarlóðar úr jörðinni Ás í Hrunamannahreppi. Innan lóðar verði gert ráð fyrir uppbryggingu einbýlishúss

DGS
ARJ
BR

ásamt bílskúr auk gestahúss. Málið var áður til umfjöllunar á 277. fundi skipulagsnefndar. Breytingar hafa verið gerðar á uppdrætti og skilmálum deiliskipulagsins eftir vettvangsskoðun á svæðinu og er skipulagstillagan því lögð fram að nýju til afgreiðslu. Í breytingunni felst að byggingarreitur er skilgreindur í 80 fermetra fjarlægð frá Hrunavegi sökum aðstæðna í landi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Forsenda gildistöku skipulagsins eftir auglýsingu er að fyrir liggi undanþága frá innviðaráðuneytinu á grundvelli 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið 12, frá takmörkunum skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, lið d, gr. 5.3.2.5 er varðar fjarlægð frá vegum. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi.

Mál nr. 25. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl sl.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl sl.

5. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 107. fundar stjórnar frá 27. mars sl.**
Lögð fram fundargerð 107. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 108. fundar stjórnar frá 10. apríl sl.**
Lögð fram fundargerð 108. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

7. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 324. fundar stjórnar frá 2. apríl sl.**
Lögð fram fundargerð 324. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.:Fundargerð 17. fundar framkvæmdastj. frá 5.3. sl.**
- Ásamt ársreikningum stofnanna 2023.
Lögð fram fundargerð 17. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. ásamt ársreikningum stofnanna 2023.

Fundargerðin ásamt ársreikningum stofnanna 2023 lögð fram til kynningar.

9. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.:Fundargerð 18. fundar framkvæmdastj. frá 19.3. sl.**
Lögð fram fundargerð 18. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 19. fundar framkvæmdastj. frá 5.4. sl.**
Lögð fram fundargerð 19. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

DGS
ARJ
DV

11. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð: 19. fundar stjórnar frá 26. mars sl.

- Ásamt ársreikningi 2023.

Lögð fram fundargerð 19. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu ásamt ársreikningi 2023.

Fundargerðin ásamt ársreikningi 2023 lögð fram til kynningar.

12. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 5. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 7. fundar stjórnar frá 4. mars sl.

Lögð fram fundargerð 7. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

14. Samstarfsyfirlýsing um Öruggara Suðurland.

Lögð fram Samstarfsyfirlýsing um Öruggara Suðurland. Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbautarskóli Suðurlands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafelssýslu, Menntaskólinn á Laugarvatni og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Hrunamannahreppur taki þátt í verkefninu og vinni þar með að framkvæmda áætlun samráðsvettvangsins.

15. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 15. apríl 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sbr. 12. mgr. 45. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Í ljósi landfræðilegra aðstæðna á þessum stað gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við að undanþága verði veitt frá skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og umræddur byggingareitur verði 80 m. frá Hrunavegi nr. 344.

16. Samningur við Söngsveitina Tvennir tímar.

Lagður fram samningur við Söngsveitina Tvennir tímar. Samningi þessum er ætlað að ramma inn samstarf Hrunamannahrepps og Söngsveitarinnar Tvennra tíma, sem er kór eldra fólks í uppsveitum Árnessýslu, með það fyrir augum að efla og styrkja starfsemi kórsins og auka um leið möguleika eldri Hrunamanna sem og annarra eldri borgara í uppsveitum Árnessýslu á fjölbreyttu tómstundastarfi. Söngsveitin hefur það einnig að markmiði að stuðla að fjölbreyttari menningu í Hrunmannahreppi t.d. með tónleikahaldi.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

17. Samningar um refa- og minkaveiðar í Hrunamannahreppi.

Lagðir fram samningar um refa- og minkaveiðar í Hrunamannahreppi

Sveitarstjórn samþykkir samningana samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita þá.

DGS
AES
BZV

18. Opnun tilboða, færsla Hreinsistöðvar.

Lögð fram fundargerð frá „Opnun tilboða: lagning fráveitu frá Akurgerði og Vesturbrún auk færslu hreinsistöðvar“, dags. 12. apríl 2024. Fjórum aðilum var boðið að senda verð í verkið og tveir þeirra skiliðu tilboði:

Gröfutækni ehf. 57.335.500,-
Fögrusteinar ehf. 44.053.124,-
Kostnaðaráætlun Eflu: 54.427.500,-

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda enda uppfylli hann öll skilyrði verðfyrirspurnarinnar. Tilboðið nemur 81% af kostnaðaráætlun.

19. Umsókn um styrk vegna Miðfellshlaupsins 2024.

Lögð fram umsóknarbeiðni um styrk til framkvæmda við Miðfellshlaupið 2024. Miðfellshlaupið er verkefni sem er hugsað til að hvetja til almennrar hreyfingar og vera hvetjandi til heilsueflingar. Hlaupið er á dagskrá laugardaginn 1. júní n.k. og unnið í samstarfi við Heilsueflandi samfélag og fleiri félagasamtök. Hlaupið í ár er það fjórða á jafnmögum árum. Hlaupið er styrktarhlaup og að þessu sinni verður hlaupið til stuðnings VISS á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þátttakendur í hlaupinu fái gjaldfrjálsan aðgang að sundlauginni á Flúðum sem og afnot af búningsaðstöðu í íþróttahúsinu á hlaupadeginum og fótboltavelli við íþróttahús. Ennfremur aðstoði starfsmenn áhaldahússins með ýmsum hætti og veiti afnot af bíl.

20. Reglur um garðaþjónustu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í Hrunamannahreppi.

Lagðar fram reglur um garðaþjónustu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða.

21. Áskorun frá fulltrúum L-listans til Íslandspósts frá 15. apríl 2024.

Lögð fram áskorun frá fulltrúum L-listans til Íslandspósts varðandi uppsetningu póstboxa á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að kanna möguleikann á því að Pósturinn komi upp póstboxum á Flúðum.

22. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.

Lögð fram beiðni frá Fasteigna markaðnum ehf. um að sveitarfélagið fallið frá forkaupsrétti að sumarhúsinu Reykjavík 19, fnr. 220-4209.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti að umræddri eign.

23. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 1. maí 2024 kl. 16:00.

Mál til kynningar:

24. Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um áform um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-79/2024

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.15:45.

Alexandra Rós Jónannesdóttir
Dóti Geit Samuelsson
Barney Vignirzliður

H. Helgi Haukur
S. Ólafur
Aldrit Haukur